

Steinbrúin á Þingmannavegi er í 740 m hæð

Ekið er yfir Leirubrúna og inná Eyjafjarðarbraut eystri. Þá er beygt inn á Knarrarbergsveg og því næst til vinstri inn á Veigastaðaveg til norðurs framhjá Eyrarlandi þar sem hægt er að leggja bílum við Stóragil þar sem gangan hefst.

Þar er fylgt stikaðri gönguleið upp norðurbakka gilsins, suður yfir lækinn og áfram upp þar til sveigt er til suðurs. Síðan er stikaðri gönguleið fylgt um tún suður yfir Þingmannalækinn og á gamla Þingmannaveginum. Veginum er svo fylgt upp gömlu sneiðingana sunnan lækjarins, farið yfir lækinn og stikuðu leiðinni fylgt að Steinbrúnni. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd samtals 12 km og gönguhækkun 650 m

Ef fólk vill þá er hægt að fara að Skólavörðunni og þar niður eða komið niður í Systragil í Fnjóskadal.